



Félagsráðgjafafélag Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 141/369
komudagur 6.11.2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 - Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2012


Efni: Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands um frumvarp til laga um um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, með síðari breytingum.. (Þskj. 36 – 36. mál).

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) fagnar frumvarpi til breytinga á lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007 og telur útvíkkun heimilda til bifreiðastyrkja jákvæða þannig að foreldrar eða aðrir nánir ættingjar geti fengið bifreiðastyrk þótt lögheimili sé ekki á sama stað.

FÍ telur þó gagnrýnivert að styrkir séu eingöngu fyrir fólk með hreyfihömlun. Mikilvægt er að fólk sem er með alvarlega fötlun og getur ekki nýtt sér almenningssamgöngur eigi einnig kost á bifreiðastyrkjum. Sem dæmi má nefna foreldra fatlaða barna sem búa á landsbyggðinni og þurfa að keyra um langan veg til að sækja þjónustu fyrir börnin sín.

Að endingu vill FÍ vekja athygli á því að í greinargerð með frumvarpi þessu er talað um sambýli en það er búsetuform sem á sér stoðir í gamalli hugmyndafræði. Réttara væri að segja á heimilum fatlaðs fólks eða í sértæku húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk sem er það orðalag sem er notað í reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054/2011.

F.h. fagdeildar félagsráðgjafa sem vinna að málefnum fatlaðs fólks,


María Rúnarsdóttir, félagsráðgjafi og formaður FÍ